

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf
Sjávargötu 6-12
260 Njarðvík


Reykjavík, 23. nóvember 2020
UST202001-189/S.M.
08.14.02

Lokunareftirlit vegna niðurriffs togarans Orlik

Þann 4. september sl. fór fram lokunareftirlit vegna niðurriffs togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram. Hreinsun svæðisins er í samræmi við ákvæði undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 31. október 2019 og telst framkvæmdinni því lokið.

Virðingarfyllst



Sigríður Magnúsdóttir



Halla Einarsdóttir

Afrít: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

EFTIRLITSSKÝRSLA



Skipasmíðastöð Njarðvíkur - niðurrif Orlik Skipasmíðastöð Njarðvíkur

Dags eftirlits	4.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Skipasmíðastöð Njarðvíkur - niðurrif Orlik	Eftirlitsmaður	
Heimili	Sjávargötu 6	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala		Flokkur	Framkvæmdir
Fulltrúi fyrirtækis	Þráinn Jónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigmar Eðvardsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð var lokaúttekt á athafnasvæði vegna niðurrits togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn og telst hreinsun lokið. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar. Frávik sem fram kom við eftirlit 25. maí sl. telst lokið.

UMFANG EFTIRLITS

þann 31. október 2019 veitti umhverfis- og auðlindaráðuneytið Skipasmíðastöð Njarðvíkur undanþágu frá starfsleyfi til niðurrits togarans Orlik í Njarðvíkurhöfn. Undanþágan gilti til 1. júlí 2020 og átti framkvæmdum að ljúka fyrir þann tíma, verkið dróst þó nokkuð vegna umfangs þess og var undanþágan að lokum framlengd til 15. september 2020 til að unnt væri að ljúka verkinu.

Í samræmi við 23. gr. undanþágunnar frá 31. október 2019 fór fram lokunareftirlit þar sem gerð var úttekt á hreinsun athafnasvæðisins vegna niðurrits Orlik. Á athafnasvæðinu hefur allur úrgangur og búnaður er framkvæmdina varða verið fjarlægður. Unnið er að lokafrágangi á svæðinu í samráði við Reykjaneshöfn. Hreinsun svæðisins vegna framkvæmdarinnar telst því lokið.

Reykjavík, 25.09.2020

Sigríður Magnúsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.